

ISLAND 
101 Reykjavík

17 JAN. 2001

PP

Norðfirðingur

1. tölublað 2001

26.árgangur

Sólarkaffi og aðalfundur

**Hið árlega Sólarkaffi og aðalfundur
Norðfirðingafélagsins verður haldinn
sunnudaginn 21. janúar kl: 15:30 í
Safnaðarheimili Bústaðakirkju.
Meðal annars verður lesið upp úr
bókinni; Svei þér þokan gráa –
sagnapættir úr Norðfirði og Sandvík
eftir Stefaníu Gísladóttur frá Seldal.**

Aðgangseyrir 1.000 kr.

Viðtakandi

Síldarball

Ágætu Norðfirðingar !

Hið árlega síldarball félagsins var haldið laugardaginn 28. október s.l. Að þessu sinni var samkoman haldin í Gullöldinni, Grafarvogi. Mæting var allgóð og töldu gleggstu menn vel yfir eitt hundrað Norðfirðinga sem skemmtu sér hið besta fram á rauða nótt.

Aðalfundur og Sólarkaffi

Þann 21. janúar n.k. heldur Norðfirðingafélagið aðalfund sinn og Sólarkaffi. Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Sérstaklega er óskað eftir því að norðfirskar valkyrjur sýni bókunarhæfni sína fyrir Sólarkaffið. Tilkynnið sortir og magn til Fanneyjar s: 553 9212 og Ólafar s. 553 5495. Einnig eru laus störf stjórnarmanna. Nú er tækifæri fyrir framtaksamt fólk að láta að sér kveða í starfi fyrir félagið. Hafið samband við Júlíus í s. 587 5206

B.R.J.Á.N með bíósmelli á Broadway !

Föstudaginn 2. febrúar n.k. eiga Norðfirðingar og annað menningarfolk á höfuðborgarsvæðinu von á heimsókn norðfirskra listamanna undir styrkri stjórn Ágústar Ármanns Þorlákssonar. Enn einu sinni verður svið Broadway lagt undir dans og söng að helman. Í þetta sinn kemur Blús, Rokk og Jassklúbburinn á Nesi með sýninguna „Bíósmellir“. Norðfirðingum er sérstaklega bent á að tryggja sér miða í tíma. Upplýsingar um miðaverð og borðapantanir eru á Broadway – sími 533 1100. Góða skemmtun !

Safn Jósafats Hinrikssonar

Við hátíðlega athöfn 14. nóv. s.l. tók Guðmundur R. Gíslason f.h. Neskaupstaðar á móti Smiðju- og sjóminjasafni Jósafats Hinrikssonar úr hendi Ólafar Hannesdóttur og afkomenda þeirra Jósafats. Óhætt er að segja að þessi gjöf sé táknræn fyrir þann hug sem þau hjón hafa borið og bera til Norðfjarðar og Norðfirðinga.

Vefsíða Norðfirðingafélagsins

Vefsíða Norðfirðingafélagsins fer nú að líta dagsins ljós. Er það von stjórnarinnar að þar skapist vettvangur fyrir fréttir, tilkynningar og fleira fyrir félagsmenn. Einkum er hér horft til þess að ná betur til yngra fólksins. Slóðin er <http://www.islandia.is/nordfjordur> Allar ábendingar um það sem betur mætti fara á vefsíðunni eru vel þegnar.

Það sem framundan er:

Merkið við á dagatalið !

21.1. Sólarkaffi og aðalfundur

2.2. Bíósmellir á Broadway

21.3. Kráarkvöld Gullöldinni, Grafarvogi

Með kveðju og ósk um gleðilegt nýtt ár 2001 og þakklæti fyrir gömlu árin !

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, 740 Neskaupstað.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Júlíus Brynjarsson (587 5206)

Ritstjóri: Hermann Ottósson (564 2436)